

## Athugasemdir við Drög að frumvarpi til laga um Land og skóg, mál nr. 8/2023

Undirritaður telur sameiningu Landgræðslunnar og Skógræktarinnar til bóta og ásamt nýrri stefnu og aðgerðaáætlun ráðuneytisins, Líf og land, bjóðast drjúg tækifæri til úrbóta og nútímavæðingar við landbætur, kolefnisbindingu og nytjaskógrækt eins og margir kalla eftir.

Mikilvægt er að ráðgjöf ásamt eftirliti annars vegar og nytjaskógrækt hins vegar verði betur aðskilin og að það verði undirstrikað í löggjöf og greinargerð. Nytjaskógrækt, sem felur í sér virðisauka og eftirsóttar vörur í formi viðarafurða og kolefnisbindingar, er framtíðaratvinnuvegur sem eðlilegt er að búi við sambærileg skilyrði og aðrir atvinnuvegir. Þess vegna er mikilvægt að ríkisstofnun sé ekki í beinni samkeppni við atvinnugreinina, enda getur það varla staðist samkeppnislög.

Af 3. gr. frumvarpsins má ráða að framleiðsla og sala á skógarafurðum sé ekki á verkefnasviði stofnunarinnar, en það þarf að koma skýrar fram, annaðhvort í frumvarpinu eða í meðfylgjandi greinargerð. T.d. má bæta við 3. gr. orðunum “...með ráðgjöf og eftirliti”. Verður þá svohljóðandi:

*“b. vinna að og eftir landsáætlun í landgræðslu og skógrækt með ráðgjöf og eftirliti”*

Einnig þarf að koma fram í greinargerð að framleiðsla og sala á afurðum í umsjá stofnunarinnar sé á samkeppnismarkaði og verð falin öðrum aðilum eða komið fyrir í sérstöku fyrirtæki.

Þessu til áréttingar skal bent á að tekjur Skógræktarinnar af vörusölu voru 419 milljónir króna árið 2021, og höfðu aukist um 140 milljónir króna frá 2020, aðallega vegna samstarfsverkefna um kolefnisbindingu með ýmsum samstarfsaðilum. Hvort tveggja, sala á viðarafurðum og kolefnisbindingu, eru á samkeppnismarkaði og ættu að vera í höndum einkaaðila nema ríkið stofni sérstakt fyrirtæki um þessa markaðsstarfsemi. Ólíkt Skógræktinni virðist Landgræðslan ekki vera í þeirri stöðu að selja vöru á samkeppnismarkaði.

Skógræktin er bæði að selja viðarafurðir og kolefnisbindingu úr skógum í eign þjóðarinnar fyrir hundruðir milljóna króna á ári. Almenn þarf sérstakar heimildir til að selja eignir ríkisins. Hvers vegna ætti Skógræktin eða hin sameinaða stofnun Land og skógur að vera undanþegin?

Jafnframt skal bent á að skógarbændur eru atvinnurekendur á samkeppnismarkaði og það hlýtur að vera eðlileg krafa að þeir búi við svipuð skilyrði og aðrir bændur, og þurfi ekki að vera í markaðssamkeppni við stofnun sem þeir þurfa að sækja ráðgjöf til og sæta jafnframt eftirliti hjá.

Tekið er undir tillögu Landverndar um að við 3. gr. verði bætt við eftirfarandi málsgrein:

*„e. tryggja sjálfbæra landnýtingu á Íslandi með eftirliti, upplýsingaöflun, aðgerðaáætlunum og skipulagi landnýtingar“*

Þá er bent á að 4. gr. frumvarpsins varðandi upplýsingaskyldu ýmissa aðila þarf að útfæra með varúð, og með samráði við hlutaðeigandi aðila.

Loks skal ítrekaður stuðningur almennt við frumvarpið og markmið þess, enda getur það orðið til eflingar sviðinu sé vel á haldið, m.a. með aðskilnaði framleiðslu og markaðssetningu annars vegar og ráðgjafar og eftirlits hins vegar.

Virðingarfyllst,

Ólafur S. Andrésen kt. 091051-4519  
Lífefnafræðingur og fyrrverandi prófessor